

# Lífeyrissjóður bankamanna

---

Ársreikningur

---

2011

Lífeyrissjóður bankamanna  
Skippholti 50b  
105 Reykjavík

Kt. 510169-4259

---

# Lífeyrissjóður bankamanna

---

Ársreikningur

---

2011

## Efnisyfirlit

Áritun endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar	3-4
Áritun stjórnar	5

## Ársreikningur Hlutfallsdeilda

Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-15

## Ársreikningur Aldursdeilda

Rekstrarreikningur	16
Efnahagsreikningur	17
Yfirlit um sjóðstreymi	18
Skýringar	19-28

## Sameiginlegt yfirlit

Deildaskipt yfirlit um breytingu á hreinni eign	29
Deildaskiptur efnahagsreikningur	30

---

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs bankamanna

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs bankamanna árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna svíksemi eða mistaka.

### Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum síðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum svíksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits lífeyrissjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af breytingu á hreinni eign lífeyrissjóðsins á árinu 2011, efnahag hans 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Kópavogur, 8. mars 2012

**Deloitte ehf.**



Knútur Þórhallsson  
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

---

Stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna var þannig skipuð í lok ársins 2011: Friðbert Traustason og Sigurjón Gunnarsson voru kjörnir á ársfundi sem fulltrúar sjóðfélaga svo og Kjartan Sigurgeirsson sem kjörinn var varamaður en tók sæti í stjórninni á árinu í stað Helgu Jónsdóttur í framhaldi af breytingum sem gerðar voru á 31. gr. laga nr. 129/1997 og tóku gildi 1. apríl 2011. Þá var Atli Atlason tilnefndur af bankaráði Landsbankans hf., Ingvar A. Sigfússon tilnefndur af bankaráði Seðlabanka Íslands og Helgi H. Steingrímsson tilnefndur af aðildarfyrirtækjum sameiginlega sem varamaður en tók sæti Hermanns Björnssonar á árinu í framhaldi af fyrnefndum lagabreytingum. Á fundi 29. apríl 2010 skipti stjórnin með sér verkum með þeim hætti að Friðbert var kjörinn formaður og Atli varaformaður.

Starfsmenn sjóðsins eru Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri, Anna Karlsdóttir fulltrúi, Hulda Björk Guðmundsdóttir ritari og Ólafur Kr. Valdimarsson sérfraeðingur sem hóf störf 1. október. Í lok ársins létt Svana M. Símonardóttir af störfum eftir 23 ára starf fyrir sjóðinn.

Í árslok greiddi sjóðurinn 926 aðilum lífeyri, þar af 800 úr Hlutfallsdeild en 126 úr Aldursdeild. Voru lífeyrisgreiðslur ársins kr. 1.734,6 milljónir úr Hlutfallsdeild en kr. 114,2 milljónir úr Aldursdeild. Á árinu áður voru lífeyrisgreiðslur alls kr. 1.655,5 milljónir. Er aukningin því 11,70%.

Í árslok greiddu 2.367 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins, þar af 367 í Hlutfallsdeild og 2.000 í Aldursdeild. Í árslok 2010 greiddu 403 sjóðfélagar iðgjöld í Hlutfallsdeild og 1.835 í Aldursdeild eða alls 2.238. Í lok ársins áttu 5.914 sjóðfélagar geymd réttindi til lífeyris og 2.326 áttu rétt til endurgreiðslu iðgalda.

## Lán til sjóðfélaga á árinu.

Á árinu voru samþykktar alls 14 lánveitingar til sjóðfélaga, alls að fjárhæð kr. 193,1 milljón. Meðalfjárhæð var því kr. 13,8 milljónir en var á árinu áður kr. 10,3 milljónir. Hámarkslánsfjárhæð er nú kr. 25 milljónir eftir sex mánaða starf. Vextir eru nú 4,0%, breytilegir skv. ákvörðun stjórnar sjóðsins á hverjum tíma.

## Fjárvörlususamningar.

Á árinu 2010 voru gerðir fjárvörlususamningar við Íslensk verðbréf og tóku þeir gildi 27. maí. Þá var á árinu 2011 gerður samningur við Landsbankann hf. um fjárvörsu vegna erlendra eigna Aldursdeilda en þeim samningi sagt upp síðar á árinu vegna fyrrgreindra breytinga á lögum nr. 129/1997 sem útiloka starfsmenn fyrirtækja frá því að sitja í stjórn sjóðsins ef hann er með eignastýringarsamninga við þau. Vægi fjárvörsu í heildareignum sjóðsins hefur minnkað mikil og er nú einungis 1,9% hjá Hlutfallsdeild og 11,7% hjá Aldursdeild. Fjárfestingarstefnur beggja deilda eru endurskoðaðar reglulega. Hafa breytingar á þeim fyrst og fremst miðað að því að minnka vægi erlendra fjárfestinga sjóðsins svo og innlendra fjárfestinga í hlutabréfum og skuldabréfum fyrirtækja.

## Skýrsla úttektarnefndar.

Í júní 2010 samþykkti stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða að óska eftir því við ríkissáttasemjara að hann skipi óháða nefnd til að gera úttekt á fjárfestingarstefnu, ákvarðanatöku og lagalegu umhverfi lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins í október 2008. Nefndin skilaði niðurstöðum í febrúar 2012 með skýrslu þar sem fjallað er almennt um sjóðina og umhverfi þeirra. Jafnframt eru sérkaflar um hvern sjóð og er fjallað um Lífeyrissjóð bankamanna í 3. bindi, 16. kafla. Í skýrslunni kemur fram að við mat á tapi sjóðanna miðaði nefndin við lok árs 2007, sem er umdeilt og fram til ársloka 2010. Fram kemur að heildartap Lífeyrissjóðs bankamanna var kr. 4.144 milljónir eða 8,9% af eignum í árslok 2010. Til samanburðar var meðaltap allra sjóðanna 25,1%. Þrátt fyrir þetta tap var 10 ára meðalraunavöxtun Hlutfallsdeilda 3,46% og Aldursdeilda 3,52%. Meginástæða þessarar útkomu eru varfærnar fjárfestingarstefnur með þeiri áherslu sem lögð hefur verið á fjárfestingar í ríkistryggðum skuldabréfum og innlánum.

## Staða sjóðsins.

Í lok ársins voru heildareignir Lífeyrissjóðs bankamanna kr. 50.985,7 milljónir sem skiptast þannig að í Hlutfallsdeild voru eignir alls kr. 34.152,4 milljónir, eða 67,0% og í Aldursdeild kr. 16.833,3 milljónir eða 33,0%.

# Skýrsla stjórnar

---

Fyrir liggur tryggingafræðileg úttekt á skuldbindingum sjóðsins miðað við 31. desember 2011. Samkvæmt niðurstöðum hennar voru áfallnar skuldbindingar í Hlutfallsdeild kr. 38.227,4 milljónir en í Aldursdeild kr. 19.116,9 milljónir. Alls er því um að ræða kr. 57.344,3 milljónir. Sé hins vegar litið til framtíðarréttar eru heildarskuldbindingar Hlutfallsdeilda kr. 41.304,1 milljónir eða kr. 2.356,0 milljónir umfram eignir sem samsvarar 5,70% af skuldbindingum og heildarskuldbindingar Aldursdeilda kr. 38.078,5 milljónir eða kr. 1.469,1 milljónir umfram eignir sem samsvarar 3,86% af skuldbindingum.

## Önnur mál.

Ýmis önnur mál voru til umfjöllunar hjá stjórninni en hún hélt níu bókaða fundi á árinu. Svo sem fyrr er getið tóku nýir fjárvörslusamningar gildi 27. maí 2010 og er reglulega fylgst með árangri fjárvörsluaðila. Þá hafa verið gerðar breytingar á fjárfestingarstefnum. Eru þær mismunandi fyrir deildir sjóðsins þar sem tekið er mið af ólíkum áætlunum um greiðslustreymi í framtíðinni. Í báðum tilvikum er um að ræða varfærnar fjárfestingarstefnur, sem fyrr er getið um, þar sem þess er gætt að lágmarka áhættu sjóðsins. Stjórnin hefur dregið úr vægi fyrrum fjárvörslusafna í eignasafni sjóðsins. Kemur þær annars vegar til sérstaða Hlutfallsdeilda sem kallar á að tryggð sé framtíðarávöxtun án mikilla breytinga á eignasafni og hins vegar upptaka aldurstengingar réttinda í Aldursdeild á árinu 2008.

Á árinu 2011 var gerður samningur við KPMG um innri endurskoðun og kemur hann í stað samnings við Deloitte frá árinu 2008. Eins og eldri samningur tekur hann mið af reglum Fjármálaeftirlitsins.

Tann 1. janúar 2008 tóku gildi nýjar samþykktir fyrir sjóðinn. Meginbreytingin skv. þeim var nýtt aldurstengt réttindakerfi í Aldursdeild, áður Stigadeild. Á framhaldsársfundí sjóðsins 20. september 2007 voru samþykktar tillögur þess efnis. Voru þær jafnframt staðfestar af meirihluta aðildarfyrirtækja sjóðsins fyrir lok ársins og loks staðfestar af Fjármálaráðuneyti. Samkvæmt samþykktunum er gert ráð fyrir að réttindamunur sjóðfélaga milli stigakerfisins og aldurstengda kerfisins verði jafnaður með greiðslum inn á lífeyrissparnaðarreikninga. Því uppgjöri er að mestu lokið. Þá tóku nýjar samþykktir gildi 1. september 2009 þar sem þær voru lagaðar að breytingum sem orðið höfðu á lögum nr. 129/1997. Enn á ný tóku gildi samþykktir 15. desember 2011 með smávægilegum breytingum einnig að teknu tilliti til fyrrgreinda laga.

Á árinu var lokið vinnu við uppfærslu á skipulagi innra eftirlits hjá sjóðnum og liggja nú fyrir ítarlega skráðir verkferlar.

Sjóðurinn hefur aðsetur að Skipholti 50b Reykjavík, sími 569 0900, símbréf 569 0909, tölvupóstfang lifbank@lifbank.is, veffang er www@lifbank.is. Skuldabréf sjóðsins eru til afgreiðslu í útibúi Landsbanka Íslands hf. við Austurstræti.

Heildarlaun og þóknanir til stjórnar og framkvæmdastjóra sjóðsins á árinu 2011 námu 14,8 milljónum króna og skiptast þannig:

Friðbert Traustason, formaður .....	1.428.005
Atli Atlason varaformaður .....	1.153.005
Ingvar A. Sigfússon .....	778.005
Sigurjón Gunnarsson .....	453.005
Helgi H. Steinþímsson .....	433.333
Kjartan Sigurgeirsson .....	433.333
Helga Jónsdóttir .....	344.672
Bryndís Pétursdóttir .....	150.000
Arion banki v/Hermann Björnsson .....	140.886
Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri .....	9.478.937

Samtals 14.793.181

# Áritun stjórnar

---

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs bankamanna staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2011 með undirritun sinni.

Reykjavík, 8. mars 2012

## Stjórn



Friðbert Traustason



Atli Atlason



Kjartan Sigurgeirsson



Ingvar A Sigfusson



Sigurjón Gunnarsson



Helgi H. Steingrímsson

## Framkvæmdastjóri



Sigríður Jónsdóttir

# Hlutfallsdeild

---

Ársreikningur

---

2011

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2011

---

	Skýr.	2011	2010
<b>Iðgjöld</b>			
Iðgjöld sjóðfélaga .....		68.708.797	67.112.395
Iðgjöld launagreiðenda .....		254.811.362	251.308.198
Réttindaflutningur og endurgreiðslur .....		(2.462.267)	0
		<u>321.057.892</u>	<u>318.420.593</u>
<b>Lífeyrir</b>			
Lífeyrir .....	3	1.734.616.401	1.551.080.313
		<u>1.734.616.401</u>	<u>1.551.080.313</u>
<b>Fjárfestingartekjur</b>			
Tekjur af eignarhlutum .....		646.741	0
Vaxtatekjur og gengismunur .....	5	3.324.583.094	2.451.057.665
Breytingar á niðurfærslu .....	9	(25.069.337)	(150.575.763)
		<u>3.300.160.498</u>	<u>2.300.481.902</u>
<b>Fjárfestingargjöld</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		14.149.679	11.911.553
		<u>14.149.679</u>	<u>11.911.553</u>
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		68.570.483	57.724.346
Sérstakt gjald á lífeyrissjóði .....		26.311.632	0
Hlutdeild aðildarfyrirtækja í rekstrarkostnaði .....	17	(36.711.531)	(35.777.421)
		<u>58.170.584</u>	<u>21.946.925</u>
Aðrar tekjur .....	14	14.219.786	12.236.454
Hækkun á hreinni eign á árinu .....		1.828.501.513	1.046.200.158
Hrein eign frá fyrra ári .....		32.323.873.919	31.277.673.761
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris .....		<u>34.152.375.432</u>	<u>32.323.873.919</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2011

---

	Skýr.	31.12.2011	31.12.2010
<b>Eignir</b>			
<b>Fjárfestingar</b>			
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	6	200.185.765	280.508.334
Verðbréf með föstum tekjum .....	7	23.492.087.807	22.702.786.364
Veðlán .....	8	1.093.889.466	1.142.168.729
Bankainnistæður .....	16	8.821.584.308	7.755.009.363
		<u>33.607.747.346</u>	<u>31.880.472.790</u>
<b>Kröfur</b>			
Kröfur á launagreiðendur .....		16.812.567	0
		<u>16.812.567</u>	<u>0</u>
<b>Aðrar eignir</b>			
Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir .....	4	1.271.729	1.361.219
Sjóður og veltiinnlán .....		636.841.476	442.039.910
		<u>638.113.205</u>	<u>443.401.129</u>
<b>Eignir</b>		<u>34.262.673.118</u>	<u>32.323.873.919</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Viðskiptaskuldir</b>			
Aðrar skuldir .....	15	110.297.686	0
		<u>110.297.686</u>	<u>0</u>
<b>Skuldir</b>		<u>110.297.686</u>	<u>0</u>
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris alls</b>		<u>34.152.375.432</u>	<u>32.323.873.919</u>

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2011

---

	2011	2010
<b>Inngreiðslur</b>		
Iðgjöld .....	304.245.325	318.420.593
Fjárfestingartekjur .....	1.033.443.804	1.054.488.055
Afborganir verðbréfa .....	1.210.765.636	1.132.236.931
Seld verðbréf með breytilegum tekjum .....	102.527.523	34.736.406
Seld verðbréf með föstum tekjum .....	149.399.855	218.210.531
Aðrar inngreiðslur .....	40.971.783	48.118.494
	<hr/> <hr/>	<hr/> <hr/>
	2.841.353.926	2.806.211.010
<b>Útgreiðslur</b>		
Lífeyrir .....	1.655.190.272	1.551.080.313
Fjárfestingargjöld .....	13.374.492	11.911.553
Rekstrarkostnaður án afskrifta .....	64.556.968	57.974.698
	<hr/> <hr/>	<hr/> <hr/>
	1.733.121.732	1.620.966.564
<b>Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annari fjárfestingu</b>	<hr/> <hr/>	<hr/> <hr/>
	1.108.232.194	1.185.244.445
<b>Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting</b>		
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum .....	3.588.714	47.064.179
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum .....	724.038.651	757.773.937
Ný veðlán og útlán .....	35.663.976	32.000.000
Hækkun á bankainnistæðum .....	150.000.000	300.000.000
Aðrar fjárfestingar .....	139.287	143.491
	<hr/> <hr/>	<hr/> <hr/>
	913.430.628	1.136.981.607
 Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánnum .....	 194.801.566	 48.262.838
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun .....	442.039.910	393.777.072
 Sjóður og veltiinnlán í árslok .....	 <hr/> <hr/> 636.841.476	 <hr/> <hr/> 442.039.910

# Skyringar

---

## 1. Starfsemi

Lífeyrissjóður bankamanna starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Sjóðurinn starfar í tveimur deildum, Hlutfallsdeild og Aldursdeild og skulu allir starfsmenn aðildarfyrirtækja sjóðsins, sem náð hafa 16 ára aldri vera sjóðfélagar meðan þeir starfa hjá viðkomandi fyrirtæki. Greiddur er ellilífeyrir, örorkulífeyrir, makalífeyrir og barnalífeyrir.

### Lífeyrisréttindi

Réttindi til lífeyris ráðast af starfshlutfalli og starfstíma svo og launum seinustu 5 ára. Lífeyrisgreiðslur eru verðtryggðar og fylgja vísítölu neysluverðs. Taka eftirlauna getur hafist við 65 ára aldur eða fyrr ef aldur og starfsaldur ná 95 árum. Að öðru leyti eru réttindi óháð aldrí sjóðfélaga. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira. Andist sjóðfélagi, eiga eftirlifandi maki og börn rétt á lífeyri úr sjóðnum. Í samþykktum sjóðsins er kveðið nánar á um ávinnslu réttinda.

Lífeyrissjóðurinn ábyrgist lífeyrisskuldbindingar sínar með eignum sínum. Árlega er gerð tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins og getur hún haft áhrif á lífeyrissréttindi, því sjóðnum er skylt að auka eða skerða lífeyrisréttindi sjóðfélaga fari munur milli eigna og lífeyrisskuldbindinga sjóðsins fram yfir tiltekin mörk.

Lífeyrissjóðurinn veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegnaelli til æviloða, örorku eða andláts samkvæmt nánari ákvæðum laganna. Skylduaðild er að lífeyrissjóðnum og er kveðið á um iðgjald til sjóðsins í kjarasamningum SSF og viðsemjanda þess. SSF er eina stéttarfélagið sem á aðild að þessum sjóði. Launamönnum SSF ber að greiða 4% af grunnlaunum sínum til þessa sjóðs á móti 14,4% framlagi atvinnurekenda eða samtals 18,4% sem kallast lágmarksíðgjald.

### Fjárvarsla

Einn fjárvörluaðili sá um vörlu og ávöxtun á hluta af verðbréfasafni sjóðsins samkvæmt sérstökum samningum. Í árslok 2011 voru 467 milljónir króna í fjárvörlu hjá Íslenskum Verðbréfum hf. Í efnahagsreikningi eru söfnin greind niður á viðeigandi eignir og skuldur.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög um ársreikninga og lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Eignir hafa verið metnar og færðar niður með hliðsjón af tapshættu. Niðurfærslan nemur um 1,4% af eignasafninu. Nánari sundurliðun á niðurfærslu er að finna í skýringu 9.

### Skráning iðgjalda

Iðgjöld eru tekjufærð þegar iðgjaldaskilagreinar berast sjóðnum. Óinnheimt iðgjöld í árslok eru eignfærð sem kröfur á launagreiðendur.

### Lífeyrir

Lífeyrir er gjaldfærður þegar hann er greiddur til lífeyrisþega.

### Skráning tekna

Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga á gengi bréfanna og gengi íslensku krónunnar.

Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánnum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og bankainnstæðum. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á gengi innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á fjárfestingargjöld og rekstrarkostnað eftir því hvort um er að ræða kostnað við eignaumsýslu eða annan rekstur sjóðsins.

#### Verðbréf

Verðbréf færdeign sjóðsins skiptist í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum, og veðlán. Skilgreiningar á framangreindri flokkun ásamt matsuðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestinga eru efþarfandi:

Verðbréf með breytilegum tekjum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur slík verðbréf með breytilegum tekjum eða verðbréf sem háð eru afkomu útgefanda. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegí ársins. Óskráð bréf eru metin á framreknuðu kaupverði eða áætluðu markaðsverði hvort sem lægra er.

Verðbréf með föstum tekjum eru framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tilteknar vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi. Skuldabréf með viðmiðun við hlutabréfavísítölur eru hins vegar færð við markaðsvíði.

### Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshlut af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

## 3. Lífeyrir

Lífeyrir greinist þannig:

	2011	2010
Ellilífeyrir .....	1.418.546.135	1.262.742.117
Örorkulífeyrir .....	131.469.918	109.818.403
Makalífeyrir .....	180.226.922	174.998.670
Barnalífeyrir .....	898.724	1.234.392
Dánarbætur.....	3.474.702	2.286.731
	<u>1.734.616.401</u>	<u>1.551.080.313</u>

## 4. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Innréttigar, áhöld og tæki
Stofnverð í ársbyrjun.....	6.187.666
Afskrifað áður .....	(4.826.447)
Bókfært verð í ársbyrjun.....	1.361.219
Viðbót á árinu.....	139.287
Afskrifað á árinu .....	(228.777)
Bókfært verð í árslok.....	1.271.729
Afskriftarhlutföll .....	20%

# Skyringar

## 5. Vaxtatekjur og gengismunur

Vaxtatekjur og gengismunur greinast þannig:

	2011	2010
Vaxtatekjur og gengismunur skuldabréfa og annarra eigna .....	3.298.271.462	2.450.953.046
Lántökugjöld .....	0	104.619
	<u>3.298.271.462</u>	<u>2.451.057.665</u>

## 6. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

	2011	2010
Eignarhlutar í innlendum hlutafélögum .....	30.629.415	27.970.203
Hlutdeildarsírteini í innlendum sjóðum .....	169.556.350	252.538.131
	<u>200.185.765</u>	<u>280.508.334</u>

Eignarhlutar í innlendum félögum greinast þannig:

Óskráð félög:	Hlutdeild	2011	2010
Atorka Group hf.....	óveruleg	16.664.446	16.664.446
Bakkavör Group hf B-hlutir.....	óveruleg	304.375	304.375
Bakkavör Group hf C-hlutir.....	óveruleg	10.909.152	10.909.152
Eignarhaldsfélagið Fjarskipti hf.....	óveruleg	2.362.059	0
Skyrr ehf.....	óveruleg	297.153	0
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða um verðbréfajþing .....	1,84%	92.230	92.230
		<u>30.629.415</u>	<u>27.970.203</u>
Hlutabréfaeign alls .....		<u>30.629.415</u>	<u>27.970.203</u>

Hlutdeildarsírteini greinast þannig:

Innlendir verðbréfasjóðir með skuldabréfum:

	2011	2010
ALMC Depositary Units (EUR).....	0	26.300.194
Landsbankinn - Fyrirtækjabréf.....	169.556.350	225.665.009
	<u>169.556.350</u>	<u>251.965.203</u>

Hlutdeildarsírteini í innlendum skuldabréfasjóðum alls .....

Arion - Icelandic Equity.....	0	572.928
	<u>0</u>	<u>572.928</u>

Hlutdeildarsírteini í innlendum hlutabréfasjóðum alls .....

Hlutdeildarsírteini í innlendum sjóðum alls.....

Hlutdeildarsírteini alls .....

# Skyringar

## 7. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

Skuldabréf með ríkisábyrgð

	2011	2010
Íbúðabréf.....	19.445.863.147	18.608.485.858
Húsbréf.....	182.046.918	181.256.149
Ríkisbréf.....	363.927.695	571.352.077
Önnur skuldabréf með ríkisábyrgð .....	<u>2.104.774.112</u>	<u>2.182.087.525</u>
	22.096.611.872	21.543.181.609
Skuldabréf sveitarfélaga .....	46.991.913	48.426.085
Skuldabréf lánastofnana .....	399.492.832	416.989.668
Skuldabréf fyrirtækja .....	948.991.191	694.189.004
Verðbréf með föstum tekjum alls .....	<u>23.492.087.808</u>	<u>22.702.786.366</u>

## 8. Veðlán

Veðlán greinast þannig:

	2011	2010
Skuldabréf sjóðfélaga .....	1.104.938.007	1.153.707.106
Niðurfærsla veðskuldabréfa .....	(11.048.541)	(11.538.377)
	<u>1.093.889.466</u>	<u>1.142.168.729</u>

## 9. Niðurfærslur verðbréfa

Niðurfærsla verðbréfa greinist þannig:

	2011	2010
Niðurfærsla í ársþyrjun .....	472.507.560	521.669.613
Afskrifað tapað á árinu .....	(4.282.194)	(199.737.816)
Gjaldfærð niðurfærsla á árinu .....	<u>25.069.337</u>	<u>150.575.763</u>
	<u>493.294.703</u>	<u>472.507.560</u>

Verðbréf eru færð niður í efnahagsreikningi vegna óvissu um innheimtu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftareikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Bókfærð niðurfærsla skiptist þannig að 11 mkr. eru vegna veðskuldabréfa, 397 mkr. vegna skuldabréfa lánastofnana og 85 mkr. vegna skuldabréfa fyrirtækja. Niðurfærslan hefur verið dregin frá í fjárhæðum einstakra verðbréfaflokka í skiptingu verðbréfaeignarinnar.

## 10. Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Fjárfestingar eru eingöngu í íslenskum krónum.

## 11. Markaðsverð fjárfestinga sjóðsins

Verðbréf með föstum tekjum eru eignfærð miðað við ávöxtunarkröfu á kaupdegi. Væru þessi verðbréf færð til eignar á markaðsverði væri mat þeirra 4.613 millj. kr. hærra og hrein eign til greiðslu lífeyris þeim mun hærra. Í lok árs 2010 var markaðsverð 2.793 millj. kr hærra.

# Skyringar

---

## 12. Lífeyrisskuldbindingar

Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum Hlutfallsdeilda:

Samkvæmt niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar á stöðu Hlutfallsdeilda í árslok 2011 miðað við 3,5% árvexti vantar deildina kr. 1.550,0 milljónir til að mæta áföllnum skuldbindingum sem jafngildir -4,05% af skuldbindingum. Heildarskuldbindingar umfram eignir eru kr. 2.356,0 milljónir eða -5,7% af skuldbindingum.

	Áfallin skuldbinding m.kr.	Framtíðar- skuldbinding m.kr.	Heildar- skuldbinding m.kr.
Eignir			
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	34.152,4		34.152,4
Núvirði verðbréfa, hækun.....	2.801,0		2.801,0
Lækkun vegna fjárfestingargjalda.....	(276,0)		(276,0)
Núvirði framtíðariðgjalda.....		2.270,7	2.270,7
	<u>36.677,4</u>	<u>2.270,7</u>	<u>38.948,1</u>
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir .....	31.350,4	2.619,8	33.970,2
Örorkulífeyrir.....	1.081,2	102,1	1.183,3
Makalífeyrir.....	5.245,8	276,9	5.522,7
Barnalífeyrir.....	29,4	5,7	35,1
Rekstrarkostnaður .....	520,6	72,2	592,8
	<u>38.227,4</u>	<u>3.076,7</u>	<u>41.304,1</u>
Eignir umfram skuldbindingar .....	(1.550,0)	(806,0)	(2.356,0)
Í hlutfalli af skuldbindingum .....	-4,05%	-26,20%	-5,70%

## 13. Rekstrargjöld

Laun og tengd gjöld greinast þannig:

	2011	2010
Laun starfsfólks.....	23.582.801	23.227.078
Stjórnarlaun.....	3.621.797	3.879.060
Launatengd gjöld .....	6.057.296	4.066.143
	<u>33.261.894</u>	<u>31.172.282</u>

Starfsmenn sjóðsins voru 4 á árinu 2011.

Þóknanir til Deloitte ehf, ytri endurskoðenda sjóðsins, á árinu 2011 námu 6.138 þús. kr. að meðtöldum vsk. og greinast þannig:

	2011	2010
Endurskoðun.....	3.513.515	3.593.615
Önnur þjónusta.....	2.624.964	1.365.388
	<u>6.138.479</u>	<u>4.959.003</u>

Aðrar þóknanir til endurskoðenda nema kr. 6.393.065 að meðtöldum vsk. og eru vegna vinnu við innri endurskoðun hjá Deloitte og KPMG og sérfræðiþjónustu Deloitte.

# Skýringar

---

## 14. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur greinast þannig:

	2011	2010
Framlag til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.....	14.179.001	12.162.990
Þóknun vegna innheimtu Starfsendurhæfingarsjóðs.....	40.785	73.464
	<u>14.219.786</u>	<u>12.236.454</u>

## 15. Aðrar skuldir

Aðrar skuldir greinast þannig:

	2011	2010
Ógreitt iðgjald Starfsendurhæfingarsjóðs.....	338.780	0
Ógreidd opinber gjöld.....	26.311.632	0
Ógreidd staðgreiðsla.....	79.426.129	0
Viðskiptaskuldir.....	<u>4.221.145</u>	0
	<u>110.297.686</u>	<u>0</u>

## 16. Bankainnistæður

Frá árinu 2007 hefur sjóðurinn gert samninga við Arion banka hf. og Íslandsbanka hf. um verðtryggð innlán að fjárhæð samtals 5.430 mkr. til nokkurra ára. Samtals er um að ræða 6 samninga. Höfuðstóll innlánanna er laus til útborgunar að samningstíma liðnum. Vextir eru lagðir við höfuðstól í lok hvers vaxtatómabils sem er 1 ár eða greiddir út til sjóðsins óski hann þess. Bókfærð staða þessara samninga var 8.822 mkr. í árslok

## 17. Önnur mál

Í desember 2006 var gengið frá samkomulagi við aðildarfyrirtæki sjóðsins um þátttöku í rekstrarkostnaði Hlutfallsdeildar. Skv. samkomulaginu taka aðildarfyrirtækin þátt í rekstrarkostnaði Hlutfallsdeilda á hverju ári sem er umfram 10 mkr. en þó að hámarki 25 mkr verðtryggt frá janúar 2006. Aðildarfyrirtækin munu greiða þessa fjárhæð í beinu hlutfalli við heildarskuldbindingar sjóðsfélaga þess í Hlutfallsdeild og voru greiddar kr. 36.711.531 á árinu 2011.

# Skyringar

---

## 18. Kennitölur

Yfirlit um kennitölur sjóðsins:

	2011	2010	2009	2008	2007
Hrein raunávöxtun.....	4,78%	4,70%	3,08%	-1,55%	1,67%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar s.l. 5 ár .....	2,51%	2,78%	2,81%	3,77%	5,97%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar s.l. 10 ár .....	3,98%	3,46%	2,70%	3,13%	3,93%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar frá upptökum deildaskiptingar 1998.....	3,58%	3,49%	3,39%	3,42%	3,93%
Hlutf.leg skipt. annarra fjárfestinga:					
Skráð verðbr. með breytilegum tekjum .....	0,00%	0,00%	0,69%	6,80%	11,96%
Skráð verðbr. með föst. tekjum .....	64,76%	64,19%	65,75%	61,63%	61,13%
Óskráð verðbr. m/breytilegum tekjum .....	0,61%	0,88%	0,00%	0,00%	0,04%
Óskráð verðbr. m/föst. tekjum .....	6,55%	7,02%	7,58%	9,20%	8,51%
Bankainnistiður .....	26,78%	24,33%	22,10%	18,60%	14,17%
Veðlán .....	3,47%	3,58%	3,88%	4,31%	4,19%
Hlutfallsleg skipting annarra fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:					
Eignir í íslenskum krónum .....	100,00%	99,92%	100,00%	100,00%	100,00%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum .....	0,00%	0,08%	0,00%	0,00%	0,00%
Fjöldi virkra sjóðfélaga:					
Hlutfallsdeild.....	367	403	453	493	529
Fjöldi lífeyrisþega:					
Hlutfallsdeild.....	800	758	696	659	624
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Ellilífeyrir .....	81,9%	81,5%	81,8%	81,9%	81,5%
Örorkulífeyrir .....	7,6%	7,1%	6,6%	6,3%	5,9%
Makalífeyrir .....	10,4%	11,3%	11,5%	11,7%	12,4%
Barnalífeyrir .....	0,1%	0,1%	0,2%	0,1%	0,2%
Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt:					
Hlutfallsdeild:					
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar .....	-5,70%	-6,05%	-5,79%	-2,98%	0,19%
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar .....	-4,05%	-4,34%	-3,62%	0,72%	6,19%

# **Aldursdeild**

---

Ársreikningur

---

**2011**

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2011

---

	Skýr.	2011	2010
<b>Iðgjöld</b>			
Iðgjöld sjóðfélaga .....		549.956.014	436.254.496
Iðgjöld launagreiðenda .....		839.086.069	668.091.392
Réttindaflutningur og endurgreiðslur .....		161.912	0
		<u>1.389.203.995</u>	<u>1.104.345.888</u>
<b>Lífeyrir</b>			
Lífeyrir .....	3	114.154.468	104.446.481
		<u>114.154.468</u>	<u>104.446.481</u>
<b>Fjárfestingartekjur</b>			
Tekjur af eignarhlutum .....		7.081.296	1.317.038
Vaxtatekjur og gengismunur .....	5	1.382.800.725	774.309.316
Breytingar á niðurfærslu .....	9	(21.210.917)	0
		<u>1.368.671.104</u>	<u>775.626.354</u>
<b>Fjárfestingargjöld</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		6.602.255	4.988.698
		<u>6.602.255</u>	<u>4.988.698</u>
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		31.995.061	24.175.631
Sérstakt gjald á lífeyrissjóði .....		11.583.806	0
		<u>43.578.867</u>	<u>24.175.631</u>
Aðrar tekjur .....	15	<u>19.277.938</u>	<u>16.755.150</u>
Önnur gjöld .....	16	<u>10.251.887</u>	<u>4.991.757</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu .....		2.602.565.559	1.758.124.825
Hrein eign frá fyrra ári .....		<u>14.230.721.201</u>	<u>12.472.596.376</u>
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris .....		<u>16.833.286.760</u>	<u>14.230.721.201</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2011

---

	Skýr.	31.12.2011	31.12.2010
<b>Eignir</b>			
<b>Fjárfestingar</b>			
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	6	2.214.933.990	2.004.398.031
Verðbréf með föstum tekjum .....	7	9.148.583.484	7.669.988.572
Veðlán .....	8	1.892.766.785	1.891.827.665
Bankainnistæður .....	18	3.521.703.563	2.766.522.914
		<hr/> <u>16.777.987.822</u>	<hr/> <u>14.332.737.182</u>
<b>Kröfur</b>			
Kröfur á launagreiðendur .....		142.295.528	0
		<hr/> <u>142.295.528</u>	<hr/> 0
<b>Aðrar eignir</b>			
Rekstrarfármunir og aðrar efnislegar eignir .....	4	115.729	123.873
